

FUNDARGERÐ

133. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps.

Fundartími: Fimmtudagur 20. júlí 2006 kl. 15:00.

Mættir: Undirritaðir aðal- og varamenn fræðslunefndar. Andrína Erlingsdóttir boðaði forföll og Karl Pálmason varamaður mætir í hennar stað.

Ritari fundarins: Sveinn Pálsson sveitarstjóri.

Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnáði.

Gerðir fundarins:

I. Tónskólinn.

1. Umsögn um umsóknir um stöðu tónskólastjóra.

Þrjár umsóknir bárust um stöðu tónskólastjóra. Einn umsækjandi dró umsókn sína til baka.

Fræðslunefnd er sammála um að mæla með að Kristinn Jóhann Níelsson verði ráðinn skólastjóri Tónskóla Mýrdælinga.

II. Önnur mál.

1. Kosning varaformanns og ritara.

Inger Schiöth er kosin varaformaður nefndarinnar. Samþykkt að sveitarstjóri sjái um ritun fundargerða.

2. Húsnæðismál.

Sveinn upplýsir að hljóð- og brunaeinangrun hafi verið sett í loft neðri hæðar leikskólans og unnið sé við framkvæmdir á lóð. Einnig að unnið sé við endurnýjum gólfefna grunnskólans.

3. Skólaakstur og skipulag skólastarfs.

Fræðslunefnd fer fram á að við gerð stundaskrár grunnskólans verði tekið tillit til skólaaksturs og biðtíma og nýtingu þess tíma í samráði við æskulýðs- og tómstundafulltrúa og skólastjóra Tónskóla. Samþykkt að formaður hitti skólastjóra grunnskólans til að koma sjónarmiðum nefndarinnar á framfæri.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:15

Inger Schiöth

Björgvin Jóhannesson
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Guðný Sigurðardóttir

Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri

Karl Pálmason